**SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR**
Kt. 560269-4559 • Sími 470 2300 • Fax 472 1588
Pósthólf 15 • Hafnargata 44 • 710 Seyðisfjörður
Netfang: sfk@sfk.is • Veffang: www.seydisfjordur.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2739
komudagur 22. 6 2012

Seyðisfirði, 20. júní 2012

Alþingi
Skrifstofa Alþingis
við Austurvöll
150 Reykjavík

Efni: Útskrift úr fundargerð 2215. fundar bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar 20.06.2012.

Eftirfarandi fært til bókar:

Miðvikudaginn 20.06.12. kom bæjarráð Seyðisfjarðar saman til fundar á skrifstofu bæjarins að Hafnargötu 44. Fundurinn hófst kl. 16:00.

Mætt: Cecil Haraldsson, Guðrún Katrín Árnadóttir, Margrét Guðjónsdóttir og Vilhjálmur Jónsson sem ritaði fundargerð.

1. Samgönguáætlun 2011-2022. **Bæjarráð Seyðisfjarðar fagnar því að Fjarðarheiðargöng eru komin inn á samgönguáætlun. Bæjarráð þakkar þingmönnum fyrir jákvæða afgreiðslu um framtíðarsamgöngur á landi við Seyðisfjörð. Sérstaklega þakkar bæjarráð þingmönnum kjördæmisins fyrir að fylgja málinu eftir með breytingartillögu sem kom Fjarðarheiðargöngum í áætlunina. Bæjarráð skorar á stjórnvöld að fylgja nú eftir niðurstöðu Alþingis svo ekki verði vikið frá röð jarðgangaframkvæmda. Jafnframt skorar bæjarráð á stjórnvöld að tryggja nauðsynlegan undirbúning þannig að áætlunin nái fram að ganga.**

Ofangreind niðurstaða bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
BÆJARSKRIFSTOFAN SEYÐISFIRÐI
Vilhjálmur Jónsson

Samrit: Alþingismenn
Innanríkisráðherra